

## ***Þingskjal nr. 21***

### **Flytjandi: hestamannafélagið Funi**

**Lagt fyrir:**

#### **Tillaga:**

57. Landsþing LH haldið á Akureyri 22. og 23. október 2010 samþykkir að breyta reglum um undirbúning og framkvæmd landsmóta þannig að í stað 6. kafla í lögum og reglum LH komi eftifarandi kafli:

### **6 Reglur um undirbúning og framkvæmd landsmóta**

#### **6.1 Um landsmót**

Landsmót hestamanna skulu haldin á hverju ári. Á oddatöluárum verði haldin unglinga-landsmót, en fullorðinslandsmót á árum sem bera slétt ártal. Kynbótahross verði sýnd á hverju ári auk kappreiða og töltkeppni.

#### **6.2 Undirbúningur landsmóta**

Stjórn LH skal hafa forgöngu og umsjón með því að allur undirbúningur landsmóta sé vandaður. Stjórnin skal sjá um að traustur rekstraraðili standi að framkvæmd og rekstri mótanna og í samráði við þann aðila sjá um að mótssvæði séu undirbúin og uppfylli kröfur um fyrirmyndaraðstöðu að mati mannvirkjanefndar LH.

#### **6.3 Val á landsmótsstað**

Landsmótsstað velur stjórn LH að höfðu samráði við Bændasamtök Íslands og rekstraraðila. Við staðarval skal haft að leiðarljósi að þeir staðir sem þegar eru uppbyggðir og fullnægja að mestu leyti kröfum til landsmótsstaða skulu fá tækifæri til að halda landsmót. Jafnframt eigi nýir staðir möguleika á að halda landsmót með nægum fyrirvara, hyggist staðarhaldarar byggja upp slíka aðstöðu. Þá sé horft til þess að mótssvæðið nýtist milli landsmóta og að nærþjónusta vegna landsmóts, eins og samgöngur, gistrymi o.þ.h. uppfylli lágmarksviðmið.

Ákvörðun um landsmótsstað skal liggja fyrir með a.m.k. fimm ára fyrirvara. Samningar um aðstöðu á landsmótsstað og eftirgjald fyrir mótssvæðið skulu undirritaðir innan árs frá því ákvörðun um staðarval liggur fyrir.

#### **6.4 Tímasetning landsmóta**

Tímasetning landsmóta skal ákveðin af stjórn LH og BÍ í samráði við rekstraraðila mótsins. Stefnt skal að því að landsmót fari fram fyrstu viku júlímánaðar.

## **6.5 Keppnisgreinar landsmóta**

Á unglingslandsmótum skal fara fram keppni í barna-, unglings- og ungmennaflokki svo og keppni úrvalstóltara. Einnig skal fara fram sýning úrvals kynbótahrossa og kappreiðar. Á fullorðinslandsmótum skal fara fram keppni úrvalsgæðinga í A- og B-flokki og keppni úrvalstóltara. Einnig skal fara fram sýning úrvals kynbótahrossa og kappreiðar.

## **6.6 Val hrossa og keppenda á landsmót**

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna-, unglings- og ungmennakeppni á landsmótum skal fara fram hjá félögum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna-, unglings- og ungmennakeppni. Barni, unglings og ungmenni er heimilt að mæta með fleiri en eitt hross í forkeppni í úrtöku sbr. reglur um keppni í yngri flokkum, grein 7.7.2. Einkunnir í forkeppni skulu ávallt ráða vali hrossa á landsmót en ekki röðun í úrslitakeppni sé hún viðhöfð. Þá er félögum heimilt að hafa tvær umferðir og gildi þá betri árangur.

## **6.7 Ráðstöfun hagnaðar eða taps á landsmótum**

Leitast skal við að landsmótin séu rekin með hagnaði og skal hagnaður notaður til að byggja upp þekkingu á rekstri mótanna og standa undir kostnaði við búnað sem nýtist á landsmótum og flyst á milli móta.

## **6.8 Um reglur um landsmót**

Reglum þessum má breyta á landsþingi LH með venjulegum undirbúningi.

## **Greinargerð:**

### **6.1 Um landsmót**

Þarna er um róttæka breytingu að ræða og biðjum við lesendur að íhuga hana vel áður en þeir hafna henni og minnum á það að tiltölulega stutt er síðan landsmót voru einungis haldin á fjögurra ára fresti, en nú vilja fáir snúa til baka til þess tíma.

Í dag er staðan þannig að dagskrá landsmótanna er orðin mjög viðamikil og það mikil að til stóð að bæta við 8. deginum á landsmóti 2010. Með því að hafa landsmót á hverju ári yrði dagskrá þeirra viðráðanlegri. Mótin yrðu styttri og léttari og við værum komin út úr þeim vítahring sem við erum komin í með stærð þeirra.

Eins og staðan er í dag þá vantar sýningarglugga fyrir bestu kynbótahrossin á milli landsmóta. Með því að taka upp þetta fyrirkomulag væri það mál leyst. Hægt væri að sýna kynbótahrossin þegar þeim hentaði best og koma þeim síðan í ræktun í stað þess að vera að bíða með þau til landsmótsárs. Þetta myndi flýta fyrir framförum í hrossarækt, myndi léttu kynbótahrossahlutann á landsmótinu og gefa þá möguleika á frekari afkvemasýningum, ræktunarbússýningum o.þ.h.

Til þess að trufla heimsmeistaramótin sem minnst þá myndu unglingslandsmótin vera haldin á sama ári og heimsmeistaramótin. Börnin og unglingsarnir fengju fulla athygli á þeim mótum, en fullorðnir knapar væru að sýna kynbótahross og keppa í kappreiðum og tölti. Vætanlega yrðu eitthvað færri áhorfendur á mótunum en samt sem áður er næsta víst að heildarfjöldinn muni aukast. Minna má á úrtöluraddir um fjölda áhorfenda þegar mótum var fjölgað og þau haldin á tveggja ára fresti í stað fjögurra ára.

## **6.2 Undirbúningur landsmóta**

Engin breyting.

## **6.3 Val á landsmótsstað**

Ný grein sem kemur að hluta til í stað greinar 6.1, en hér er um að ræða nánari skilgreiningu á því hvernig skuli staðið að vali á landsmótsstað. Er það gert til þess að tryggja það að landsmótum sé dreift á þá staði sem hafa burði til að halda landsmót og að gætt sé jafnræðis við val á landsmótsstöðum. Jafnframt eru nýir staðir ekki útilokaðir og við höldum áfram að byggja viðunandi sýningaraðstöðu fyrir íslenska hestinn sem víðast og kynna landið og hestinn okkar.

Þróun mótahaldsins myndi halda áfram og svæðin kepptust við að brydda upp á nýjungum til að tryggja það að fá mót aftur og taka þátt í frampróuninni.

## **6.4 Tímasetning landsmóta**

Engin breyting.

## **6.5 Keppnisgreinar landsmóta**

Þarna er skýrður munur á unglinga- og fullorðinslandsmótum.

## **6.6 Val hrossa og keppenda á landsmót**

Engin breyting. Það er þó umhugsunarvert hvort breyta eigi þessari grein þannig að það sé í valdi viðkomandi félags hvort úrslitakeppni ráði vali hrossa á landsmót.

## **6.7 Ráðstöfun hagnaðar eða taps á landsmótum**

Felld er niður kvöð um að greiða í áningarhólfasjóð, sem ekki hefur verið greitt í að undanfögnu. Hagnaður mótanna fari í að bæta mótahaldið til framtíðar.

Felld er niður grein um flutningsstyrki.

## **6.8 Um reglur um landsmót**

Engin breyting.